

Fimmtudaginn 15. febrúar 1996.

Nr. 33/1995.

Ólöf Ingibjörg Jónsdóttir

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)

gegn

Jens Ingólfssyni

(Jón Gunnar Zoëga hrl.)

Víxilmál. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Eiríkur Tómasson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1995 og krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara ómerkingar dómsins og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess, að sér verði dæmt að greiða stefnda eina krónu. Jafnframt skaut áfrýjandi til Hæstaréttar úrskurði, sem kveðinn var upp 19. október 1994, þegar málið var rekið í héraði. Auk þess krefst áfrýjandi málskostnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir kröfu áfrýjanda um ómerkingu héraðsdóms hafa ekki verið færð nein haldbær rök.

Í greinargerð áfrýjanda fyrir Hæstarétti er þess getið, að víxillinn, sem deilt er um í málinu, sé ekki stimplaður, eins og skylt er samkvæmt lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald. Vanræksla í því efni haggar ekki gildi víxilsins.

Með þessum athugasemdum og skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar og hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og greinir í dómsorði.

Það athugast, að áfrýjun máls þessa er að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður og hinn áfrýjaði dómur eiga að vera óraskaðir.

Áfrýjandi, Ólöf Ingibjörg Jónsdóttir, greiði stefnda, Jens Ingólfssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. október sl., er höfðað með stefnu, birtri 28. apríl 1994, af Jens Ingólfssyni, Framnesvegi 20, Reykjavík, gegn Ólöfu Jónsdóttur, Stigahlíð 46, Reykjavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 2.000.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 18. apríl 1994 til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar að mati réttarins og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær, að henni verði gert að greiða eina krónu, en hún verði sýknuð af kröfum stefnanda að öðru leyti. Þá er gerð krafa um málskostnað að mati dómsins henni til handa.

Málsástæður.

Stefnandi reisir kröfur sínar á víxli, að fjárhæð 2.000.000 kr., út gefnum 1. febrúar 1994 með gjalddaga 18. apríl 1994. Stefnandi er útgefandi víxilsins og hefur framselt hann, og er víxillinn út gefinn og framseldur með árituninni „án afsagnar“. Greiðslustaður er Íslandsbanki hf., Reykjavík. Stefnda er samþykkjandi á víxlinum.

Stefnandi rekur málið á grundvelli 17. kafla laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefndu eru þær, að Jens Ingólfsson sé ekki réttur eigandi víxilsins og að víxillinn hafi verið útfylltur án heimildar, og hafi sú útfylling ekki verið í samræmi við þann samning, sem að baki víxlinum hafi staðið.

Niðurstaða.

Við munnlegan flutning málsins bar lögmaður stefndu fram þá málsástæðu, að þar sem fjárhæð víxilsins væri ekki tilgreind í bókstöfum, mætti með vísan til 6. gr. víxillaga nr. 93/1933 skilja þetta sem tilmæli um að greiða eina krónu.

Lögmaður stefnanda mótmælti þessari málsástæðu sem of seint fram kominni.

Lögmaður stefndu gat borið fram málsástæðu þessa þegar í greinargerð sinni, og er á það fallist, að málsástæða þessi sé of seint fram komin við munnlegan málflutning, og verður ekki á henni byggt.

Stefnandi hefur lagt fram lögformlegan vísil, sem hann er réttur handhafi að skv. framsalsröð, sbr. 16. gr. laga nr. 93/1933. Fullyrðingar stefndu um, að vísillinn hafi verið útfylltur án heimildar og í ósamræmi við samning aðila, eru með öllu ósannaðar.

Ber því samkvæmt framansögðu að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 300.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Ólöf Jónsdóttir, greiði stefnanda, Jens Ingólfssyni, 2.000.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. apríl 1994 til greiðsludags og 300.000 kr. í málskostnað.
